

# Eyjasafn í Artóteki


Föstudaginn 19. október kl. 17.00 verður opnuð sýning á verkum Guðbjargar Lindar Jónsdóttur myndlistarmanns í Artóteki Borgarbókasafns Reykjavíkur á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15.

Guðbjörg lærði myndlist í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist frá málaraeild árið 1985 og frá kennaraeild sama skóla þremur árum síðar. Sýningin í Artótekinu er 21. einkasýning Guðbjargar. Hún hefur tekið þátt í á fjórða tug sam-sýninga á Íslandi og erlendis.

Á sýningunni má sjá olíumálverk, vatnslitamyndir og skúlptúra. Guðbjörg segist hafa ákveðið að nota tækifærið með þessari sýningu og líta yfir farinn veg. Um hana segir Guðbjörg: „Ég fékk þá hugmynd að draga fram verk sem ég málaði á árunum 1997-1998. Verkið heitir Breiðafjörður og er einskonar eyjasafn,

þar sem ég safna saman á einn flöt mörgum eyjum. Verkið kallast á við önnur verk sem ég hafði málað af stökum eyjum bæði fyrir þessa sýningu og sýningu mína Við ystu sjónarrönd 1996. Þessar eyjar voru mjög skúlptúrískar eða formfastar enda vann ég þær einnig í þrívídd úr pappmassa og raðaði þeim upp með málverkunum. Í sumar þáði ég boð um að taka þátt í sýningunni Small Islands á Prince Edward Island í Kanada. Fyrir sýninguna vann ég myndröð í vatnslit á pappír. Ég sé núna að verkið Breiðafjörður hefur í þessum pappírsverkum eignast afkvæmi sem öll eru stök og sjálfstæð en samt hluti af heild.“

Artótekið leigir út og selur íslenska samtímamyndlist til einstaklinga og fyrirtækja. Sýning Guðbjargar stendur til 18. nóvember.



- vþ BREIÐAFJÖRÐUR Málverk eftir Guðbjörgu.